

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudagur 17. janúar 2020.



4. fundur stjórnar VG, haldinn í Kaffibrugghúsinu, Fiskislóð 57-59.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.
Ingibjörg Þórðardóttir ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Rúnar Gíslason, Ragnar Auðun Árnason, Berglind Häsler, Álfheiður Ingadóttir, Þóra Magnea Magnúsdóttir, Elva Hrönn Hjartardóttir, Andrés Skúlason, Cecil Haraldsson, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasson, Kolbeinn Óttarsson Proppé (fulltrúi þingflokks), Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm (Fulltrúi UVG), Þuríður Backman (fulltrúi EVG).

F.h. starfsmanna: Hulda Hólmkelsdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lís Björnsdóttir, Bjarki Hjörleifsson, Lís Kristjánsdóttir

Fundur settur kl. 15:09

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Alþjóðafundur

Andrés Skúlason mætti kl. 15:17

3. Ályktanir sem vísað var til stjórnar(frá landsfundi).
 - a. Skipan málefnaþópa. Tillaga um nýsköpunarhóp, strax og fjóra nýja hópa sem kynntir verða á flokksráðsfundi.
 - b. Ályktun er varðar ferðakostnað VG. Katrín leggur til að gjaldkera og framkvæmdarstjóra verði falið að koma með tillögu og leggja fyrir stjórn. Samþykkt.
 - c. Ályktun er varðar LÍN um stuðningssjóð námsmanna. Katrín leggur til að Kolbeinn, fulltrúi þingflokks, taki þetta upp á þingflokksfundi til umræðu. Samþykkt.

Orri Páll Jóhannsson mætir kl. 15:31

- d. Ályktun um fjórðu iðnbyltinguna. Tillaga stjórnar er að þessi ályktun fari inn í hópinn um nýsköpunarstefnu. Samþykkt var að setja í gang hóp um nýsköpunarstefnu undir stjórn Bergþóru Benediktsdóttur og Jökuls Sólbergs Auðunssonar.
4. Erindi um afgreiðslu jafnréttisstefnu og stefnu gegn kynbundu ofbeldi á landsfundi (Elva Björk Ásu og Kristinsdóttir kemur fyrir fund)
 - a. Elva Björk fylgir eftir erindi sínu og leggur til að þetta verði kynnt á flokksráðsfundi og borið upp til atkvæðagreiðslu.
 - b. Búið er að ákveða að setja í gang fagráð en Katrín vekur athygli á því að mikilvægt sé að ræða þetta og sérstaklega ræða hversu opið orðalag á að vera.
 - c. Miklar umræður, margir fundarmenn tóku til máls.
 - d. Lagt er til að Elva Björk vinni þetta áfram ásamt Orra Páli og þetta komi svo aftur til stjórnar áður en þetta fer fyrir flokksráðsfund. Það er samþykkt.

Katrín Jakobsdóttir víkur af fundi kl. 15:43 og Guðmundur Ingi Guðbrandsson tekur við stjórn fundarins

Álfheiður Ingadóttir tekur sæti á fundi kl. 15:45

5. Flokksráðsfundur 7. – 8. febrúar. Dagskrá og yfirskrift.
 - a. Dagskráin kynnt og rædd. Sérstaklega vakin athygli á pallborði um heilbrigðisþjónustu.
 - b. Björg Eva óskar eftir yfirskrift flokksráðsfundar (slagorð) og kynnir pallborð með ráðherrum.
 - c. Álfheiður bendir á að það vanti notendur heilbrigðisþjónustu í pallborðið.

Kolbeinn víkur af fundi kl. 16:41

6. Kjördæmavika 10. – 14. febrúar. Skipulag ferðar um landið og átak til að tryggja góða þátttöku.
 - a. Lís Kristjánsdóttir kynnir ferðina. Um er að ræða veglega ferð þar sem einnig verður tekið upp efni sem nota má til kynningar og í kosningabaráttu.
 - b. Hugmyndin er að gera nokkurs konar VG-Landann þar sem Berglind Häsler og Rúnar Gíslason sjá um kynningar.
 - c. Björg Eva segir frá kostnaðaráætlun verkefnisins.

Katrín mætir aftur kl. 16:48 og tekur við stjórn fundarins á ný.

7. Nýir málefnaþópar
 - a. Búið er að samþykkja hópinn nýsköpunarhópur
 - b. Tillaga framkvæmdastjórnar að nýjum hópum er byggðamálahópur, hópur um málefni útlendinga og innflytjenda, sjávarútvegshópur, landbúnaðarhópur.
 - c. Rætt var um að slíta ætti í sundur velferðarmál (félagsmál) og heilbrigðismál.

- d. Lagt var til að framkvæmdastjórn kæmi með tillögu að málefnaþópum á næsta stjórnarfundi.
8. Styrkir fyrirtækja.
- a. Framkvæmdarstjórn leggur til að nýta ekki þá styrki sem VG hefur fengið frá Samherja frá árinu 2010 – eða frá þeim tíma sem Samherji hefur haft starfsemi í Namibíu. Styrkirnir nema frá árinu 2010 1,1 milljón og mun þeirri fjárhæð verða varið til UNICEF og Rauða kross Íslands. Ekki eru lagðar til neinar breytingar á almennum reglum VG um styrki. Tillagan er samþykkt samhljóða.
9. Kosningar í nýju sveitarfélagi fyrir austan og hvernig kosningabaráttu þar skilar árangri og nýtist til að efla VG allsstaðar.
- a. Andrés Skúlason fer yfir ferlið. Búið er að samþykkja VG framboð en nú stendur yfir vinna við að koma saman lista. VG í nýju sveitarfélagi fundar á morgun.
 - b. Miklar umræður og mikil ánægja með framboðið.

Kobeinn tekur aftur sæti á fundinum kl. 17:46

10. Skoðanakönnun, Ólafur Elínarson hjá Gallup skýrir niðurstöður könnunar sem VG lét gera á seinni hluta nýliðins árs og svarar spurningum.
11. Stjórn málaástandið með tilliti til þess að styttest í kosningar.
- a. Umræður um þau mál sem eru mest áberandi í almenntri umræðu.
12. Önnur mál.
- a. Guðmundur Ingi ræðir rammaáætlun og tengsl við Hálendisþjóðgarð.

Fundi slitið kl. 21.37

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 7. febrúar kl. 15.00.